

Ársfundur Vorstehdeildar fundargerð.

Ársfundur Vorstehdeildar HRFI var haldinn mánudaginn 25.mars 2019 kl. 19:30 í húsnæði HRFÍ að Síðumúla 15 í Reykjavík.

Formaður deildarinnar Guðmundur Pétursson setti fundinn og lagi til að Bragi Einarsson tæki að sér fundarstjórn, sem samþykkt var einróma af fundarmönnum.

Fundarstjóri, Bragi Einarsson þakkaði traustið og lagði til að Eydís Gréta Guðbrandsóttir yrði fundarritari, sem samþykkt var einróma af fundarmönnum.

Fyrsta mála á dagskrá var lestur formanns Guðmundar Péturssonar á skýrslu stjórnar, þar sem farið var yfir störf og viðburði deildarinnar. Skýrsla stjórnar var samþykkt án athugasemda.

Fundarstjóri bað formann deildarinnar að greina frá fjárhagsstöðu deildarinnar. Formaður, Guðmundur Pétursson upplýsti fundarmenn að hrein eign á bankareikningi deildarinnar 29.mars 2019 væri 205.000.- krónur. Einnig upplýsti formaður að greiða væri búið fyrir flug og gistingu dómara í vorpróf deildarinnar. Engar spurningar né athugasemdir voru gerðar við fjárhag deildarinnar.

Næsta mála á dagskrá var að kjósa um 3 laus sæti í stjórn deildarinnar.

Kjörtímabili þriggja stjórnarmeðlima var að ljúka, þeir eru;

Lárus Eggertsson sem ekki gaf kost á sér til áframhaldandi setu.

Gunnar Róbert Pétursson sem ekki gaf kost á sér til áframhaldandi setu.

Sigurður Arnet Vilhjálmsson sem gaf kost á sér til áframhaldandi setu.

Að auki buðu Sigrún Guðlaugardóttir og Díana Sigurfinnsdóttir sig fram til stjórnarkjörs. Ekki bárust fleiri framboð til stjórnarsetu og voru því Sigurður, Sigrún og Díana sjálfkjörin.

Þriðja mál á dagskrá var afhending viðurkenninga fyrir stigahæstu hunda ársins innan deildarinnar.

Í unghundaflokki var rakkinn Sångbergets Jökulheima Laki efstur með 15 stig. Eigendur Laka eru Unnur Unnsteinsdóttir, Einar Örn og meðeigandi er Pétur Alan Guðmundsson.

Stigahæstur í opnum flokki, keppnisflokki og „over all“ var C.I.B ISCh RW 17-18 Veiðimela Jökull með 26 stig í opnumflokki, 41 stig í keppnisflokki og með 50 stig í „ over all“. Eigandi Jökuls er Friðrik G. Friðriksson. Einstakur árangur hjá þeim félögum á árinu.

Óskar stjórn deildarinnar þeim Unni, Einari, Pétri og Friðriki til hjartanlega til hamingju með árangurinn.

Þá var komið að liðnum, önnur mál.

Fyrstur á mælendaskrá var Kjartan Antonsson sem lagið fyrir fundinn tillögu þess efnis að ungliðar á sýningum fylgi unghundum í stigakeppni. Ungliðum hafði aldrei verið gefið stig fram að þessu þrátt fyrir að stundum gengi þeim jafnvel betur en hundum í opnumflokki á sýningum. Tillagan samþykkt samhljóða.

Eydís Gréta Guðbrandsóttir sem gegnir hlutverki gagnavarðar fyrir deildina lýsti óánægju sinni hversu seint og illa gögn bærust til hennar. Ennþá vantaði mörg próf og viðburði frá síðasta ári. Einnig að allt of oft kæmu gögn frá öðrum deildum til hennar sem skila þyrfti aftur til baka.

Eftir umræður var ákveðið að stjórn deildarinnar beitti sér í málinu. Díana Sigurfinnsdóttir ætlar að sjá um að koma þeim gögnum til skila fljótlega sem á vantar.

Eydís Gréta spurði hvort ekki væri hægt að gera eitthvað fyrir nýliða og þau sem nýbúin væru að fá hvolpa. Tölverð umræða myndaðist um það. Díana kom með flottan vinkil og sagði frá námskeiði sem hún hafði sótt hjá norskum þjálfara. Sigrún ræddi umhverfisþjálfun og grípa þyrfti fólkið strax, því fyrr því betra.

Óskar Hafsteinsson sagði frá því hvernig Retriverdeildin háttar sínum málum, en þeir hafa hitting einu sinni í mánuði undir handleiðslu vanra manna. Stundum mættu bara 2-3 og stundum 20 en það væri alltaf einhver til staðar til að aðstoða og veita ráð.

Unnur stakk upp á að myndaður yrði starfshópur sem myndi fara yfir málið og móta tillögur og skila til stjórnar. Það var samþykkt og í starfshópnum eru Unnur, Gréta og Sigrún.

Umræða spannst um veiðiprófin og af hverju þau væru öll samþykkt með fyrirvara. Guðmundur formaður upplýsti fundinn um að það væri fyrir löngu búið að sækja um prófin fyrir þetta ár og hefði það verið gert áður en frestur til þess rann út. Fyrirvarinn á samþykktum prófa væri til kominn vegna þess að stjórn HRFÍ væri af einhverjum sökum treg til að samþykkja prófin. Stjórn HRFÍ bæri fyrir sig að ekki væri nægilega vel sýnt fram á að prófin stæðu undir sér og svo framvegis, þrátt fyrir rökstuðning stjórnar deildarinnar um hið gagnstæða. Einnig var minnst á að alltaf þyrfti að liggja fyrir styrktarðilar og fjárhagsáætlun að hverju prófi. Á fundinum kom fram að Retriverdeildin hefur ekki þurft að skila inn þeim upplýsingum fyrir sín próf.

Guðmundur upplýsti einnig að nú þegar væri búið að sækja um öll prófin sem deildin ætlaði að standa að árið 2020.

Rætt var um að framkoma stjórnar HRFÍ varðandi prófin væri mjög bagaleg fyrir deildina þar sem allur kostnaður yrði svo miklu hærri vegna vinnubragða stjórnar HRFÍ. Stjórn HRFÍ væri í raun og veru að leggja stein í götu deildarinnar og auka útgjöld hennar verulega með slíkum vinnubrögðum. Kom fram á fundinum að HRFÍ hefði bara haft tekjur af prófum deildarinnar en aldrei tap í mörg ár en borga þarf félaginu kr.600 fyrir hvern skráðan hund í prófin fyrir hvern dag.

En tekjur HRFÍ af deildinni voru nálægt kr.100.000 á síðasta ári.

Kjartan benti á að ef Retriverdeild þyrfti ekki að sýna fram á eða staðfesta sína styrktaraðila væri HRFÍ með því að brjóta jafnræðisreglu gróflega á félagsmönnum. Deildarmeðlimir lýstu yfir óánægju sinni með vinnubrögð stjórnar HRFÍ.

Kjartan varpaði því fram til umhugsunar næsta árið eða fram á næsta aðalfund að öll got Vorsteh hunda sem uppfylltu ræktunarskilyrði HRFÍ fengju að vera á heimasíðu félagsins. Við værum með svo

fáa Vorstehhunda í stóra samhenginu svo það ætti að fagna öllum gotum sem löglega væri staðið að.  
Tölverð umræða myndaðist um málið á jákvæðum nótum.

Fundi var slitið kl. 21:15

Á fundinn mættu;

Bragi Egilsson (fundarstjóri)

Guðmundur Pétursson

Guðni Stefánsson

Gunnar Pétur Róbertsson

Kjartan Antonsson

Gréta Guðbrandsdóttir

Sigrún Guðlaugardóttir

Díana Sigurfinnsdóttir

Unnur Unnsteinsdóttir

Einar Örn

Friðrik Friðriksson

Óskar Hafsteinn Halldórsson

Sigurður Arnet Vilhjálmsson